

Stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Ár 2015, föstudaginn 20. nóvember, var haldinn 150. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Haraldur Línal Haraldsson og Ármann Kr. Ólafsson. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Níu mánaða uppgjör

Slökkviliðsstjóri fór yfir níu mánaða uppgjör SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Níu mánaða uppgjör SHS 2015, dags. 20. nóvember 2015.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar.

2. Gjaldskrá SHS

Slökkviliðsstjóri lagði fram gjaldskrá SHS fyrir árið 2016 til samþykktar og undirritunar formanns.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gjaldskrá SHS, dags. 20. nóvember 2015.
- Ósk um samþykkt sveitarfélags v. gjaldskrár, dags. 20. nóvember 2015.

Afgreiðsla: Stjórnin samþykkir framlagða gjaldskrá fyrir árið 2016 fyrir sitt leyti og vísar henni til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.

3. Siðareglur stjórnar

Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að siðareglum fyrir stjórn SHS, sem eru unnin í samræmi við siðareglur sveitarfélaga fyrir kjörna fulltrúa og annarra byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirfarandi lagt fram:

- Siðareglur stjórnar SHS, drög, ódags.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Starfsreglur stjórnar

Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að starfsreglum fyrir stjórn SHS í samræmi við ákvörðun stjórnar þar að lútandi á 147. stjórnarfundum SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsreglur stjórnar SHS, drög, ódags.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Önnur mál

5.1 Yfirlýsing um markmið í loftslagsmálum.

Slökkviliðsstjóri undirritaði f.h. SHS sameiginlega yfirlýsingu íslenskra fyrirtækja um markmið í loftslagsmálum í takt við ákvörðun stjórnar á 149 stjórnarfundum.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 18. desember 2015.

Fundi slitið kl. 09:00

Fylgiskjöl:

- Níu mánaða uppgjör SHS 2015, dags. 20. nóvember 2015.
- Gjaldskrá SHS, dags. 20. nóvember 2015.
- Ósk um samþykkt sveitarfélags v. gjaldskrár, dags. 20. nóvember 2015.
- Siðareglur stjórnar SHS, drög, ódags.
- Starfsreglur stjórnar SHS, drög, ódags.

Dagur B. Eggertsson

Gunnar Einarsson
Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson